
REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMÓT UNGLINGA

1. grein

Íslandsmót unglunga í pílta- og stúlknaflokki skal haldið árlega.

2. grein

Kept skal í fjórum flokkum, þ.e.:

1. flokkur	17 – 18 ára	3. flokkur	13 – 14 ára
2. flokkur	15 – 16 ára	4. flokkur	11 – 12 ára

Miða skal við afmælisár.

3. grein

1. og 2. flokkur pílta og stúlkna:

Þátttakendur leika 18 leiki í forkeppni og skal spila 6 leiki í senn.

Eftir það spila þrjú efstu í 1. og 2. flokki 3-2-1-1 úrslit og skal úrslitaleikurinn vera tvöfaldur.

Heildarskor úr báðum leikjunum ræður úrslitum, og hlýtur sigurvegarinn titilinn

„Íslandsmeistari unglunga“ í viðkomandi flokk.

3. og 4. flokkur pílta og stúlkna:

Þátttakendur leika 12 leiki í forkeppni og skal spila 3 leiki í senn. Eftir það spila þrjú efstu í 3. flokki 3-2-1-1 úrslit og skal úrslitaleikurinn vera tvöfaldur. Heildarskor úr báðum leikjunum ræður úrslitum, og hlýtur sigurvegarinn titilinn „Íslandsmeistari unglunga í 3. flokki“. Í 4. flokk hlýtur sá/sú sem er efstur/efst eftir forkeppni titilinn „Íslandsmeistari unglunga í 4. flokk“.

Flokkarnir skulu spila saman í forkeppninni, þ.e.a.s. keppendur úr t.d. 2. flokk drengja keppa forkeppnina á sama stað á sama tíma eins mikið og mögulegt er.

3. og 4. flokk er heimilt að leika á einni braut.

Ef ekki nást 4 keppendur eða fleiri, skal fella niður úrslitakeppni og hlýtur sá sem efstur/efst er eftir forkeppni titilinn „Íslandsmeistari unglunga í viðkomandi flokk“.

4. grein

Samhliða aldursflokkaskiptingunni skal keppt í opnum flokki. Til úrslita í opnum flokki keppa þrjú meðaltalshæstu piltarnir og þrjú meðaltalshæstu stúlkurnar að lokinni forkeppninni (18 leikir og 12 leikir). Keppt er til úrslita sbr. 3. gr. og hlýtur sigurvegarinn í hvorum flokki titilinn „Íslandsmeistari unglunga í opnum flokki“.

5. grein

Unglinganefnd KLÍ sér um framkvæmd mótsins, í samvinnu við mótanefnd (sjá Reglugerð fyrir mótanefnd).

6. grein

Ef skera þarf úr um jafntefli í sætaröðun þá skal síðasti leikur látinn gilda þ.e. sá/sú sem er með hærri leik hlýtur efra sætið. Ef hann er jafn hár þá er farið í næsta leik þar á undan og síðan koll af kalli.

7. grein

Hvert félag á umsjón í sínum sal og skal útvega skrifara á hvert brautarpar. Einungis þjálfarar félaganna mega vera ofan í gryfju og skulu auðkenndir sem slíkir og merktir félaginu.

Breytt á formannafundi 29. apríl 2009